

Fundur á vegum starfshóps héraðsskjalavarða um persónuvernd  
í Mosfellsbæ 8. mars 2018

Hrafn Sveinbjarnarson

Um skjalavörslu stjórnvalda sveitarfélaga og  
héraðsskjalasafna í tilefni af væntanlegum  
persónuverndarlögum

# Ákvæði laga og reglna um opinbera skjalavörslu er varða ábyrgð á henni

## *Lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 um*

Lögunum var ætlað að koma skjalavörslu og skjalahaldi hins opinbera í lag.

Ákvæði í 6. grein þeirra skýrðu ábyrgð á skjalavörslu og áttu að tryggja að hverskonar kerfi við vistun skjala yrðu undir eftirliti Þjóðskjalasafns:

- Forstöðumenn skilaskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu stofnananna.
- Afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrirmælum safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala.
- Ný skjalavistunarkerfi og skjalageymslur skulu samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun.

Stærstu héraðsskjalasöfnin fengu þetta vald framselt hvað varðaði þeirra sveitarfélög en það var dregið í efa þar sem heimild í lögunum skorti.

## *Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014*

Lögin sem leystu hin fyrri af hólmi færðu héraðsskjalasöfnunum eftirlitsvaldið í sínum umdæmum og hertu á kröfum um ábyrgð með refsíákvæðum. Í 22. grein segir m.a.:

- Forstöðumaður afhendingarskylds aðila ber ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu viðkomandi aðila, þ.m.t. að unnið sé í samræmi við fyrirmæli laga og reglna þar að lútandi. Hið sama gildir um formann stjórnarsýslunefndar og framkvæmdastjóra sveitarfélags, svo og forstöðumenn sjálfseignarstofnana, sjóða og annarra aðila sem lög þessi gilda um skv. 14. gr.
- Afhendingarskyldum aðilum er skylt að haga skjalastjórn og skjalavörslu með þeim hætti sem segir í þeim reglum sem settar eru á grundvelli 23. gr. og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við þær.
- Við afhendingu skjala til opinbers skjalasafns flyst ábyrgð á vörslu skjalanna yfir til þess.

### **23. gr. Skjalastjórn og skjalavarsla.**

Þjóðskjalasafn Íslands skal setja reglur <sup>1)</sup> skv. 1. tölul. 8. gr. um það hvernig skjalastjórn og skjalavörslu í stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga og afhendingarskyldra aðila skuli hagað, svo og skráningu, flokkun og frágangi skjala til afhendingar til opinberra skjalasafna, þ.m.t. skilmála um staðla fyrir skjalavistunarkerfi og samþykkt á skjalavistunarkerfum.

Afhendingarskyldum aðilum skv. 14. gr. er skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við reglur sem settar eru skv. 1. mgr

# Skjalavistunaráætlun

Reglugerðir um skjalavistunaráætlanir hafa ítrekað verið settar.

Fyrst voru reglur settar í handbók um skjalavörslu stofnana árið 1995, festar í sessi sem gildandi um alla opinbera aðila á grundvelli laga með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu nr. 14/1998.

Frá 1. ágúst 2010 giltu reglur Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila nr. 623/2010.

Frá 1. júlí 2015 hafa verið í gildi reglur nr. 571/2015 um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila.

Skylda til að hafa skjalavistunaráætlun hefur í reynd verið í gildi a.m.k. frá árinu 1998. Enn geta þær þó ekki talist algengar nú tuttugu árum síðar.

# Bréfalyklar/málalyklar

Bréfalykill Sambands íslenskra sveitarfélaga 1978.

Bókhaldsflokkaður bréfalykill skv. *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* 1997.

Kröfur um gerð bréfalykla í *Handbók um skjalavörslu stofnana* 1995 og *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga*, festar í sessi sem gildandi um alla opinbera aðila á grundvelli laga með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu nr. 14/1998.

Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um málalykla afhendingarskyldra aðila nr. 622/2010.

Reglur um málalykla afhendingarskyldra aðila nr. 572/2015.


# Afhendingarreglur

Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala afhendingarskyldra aðila nr. 1065/2010. Tóku gildi 1. janúar 2011.

Reglur um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala afhendingarskyldra aðila nr. 573/2015. Tóku gildi 1. júlí 2015.



Sviðsstjóri A



Sviðsstjóri B



Sviðsstjóri C  
yfirmaður skjalastjóra



Sviðsstjóri D



Sviðsstjóri E



Skjalastjóri

Skjalasafn sviða A,B,C,D og E í  
umsjá skjalastjóra.

Þessi skipan stenst ekki lög um opinbera skjalavörslu og er einnig brot á skipuriti. Forstöðumaður ber ábyrgð á þeirri skjalavörslu er tilheyrir hans starfssviði. Aðrir forstöðumenn eða starfsmenn þeirra eiga ekki að hafa beint aðgengi að skjölum hans. Séu persónuupplýsingar í húfi syrtir enn í álinn, því vinnslan er ekki í lagi svona.

Sálfræðiaðstoð

Byggingarleyfi

Lóðarúthlutun

Barnaverndarmál

Kvörtun vegna lausagönguhunds

Kennitala

Menningarstyrkur

Styrkúthlutun vegna íþróttaiðkunar

Starfsumsókn

Miðlæg skjalavörslukerfi út yfir valdmörk eru ekki í samræmi við lög. Að tengja skjöl og mál saman á kennitölum er einnig lögleysa. Borgarinn kynni e.t.v. að óska eftir öllum skjölum er hann varða, sú þjónusta væri bjarnargreiði á kostnað persónuverndar hans. Hvaða forstöðumaður eða starfsmaður er valdbær til þess að afgreiða til hans öll skjöl er hann varða? Eða á tölvukerfið að gera það sjálfvirkt? Tölva getur verið gagnleg en telst varla ábyrgðaraðili.



Skjalasöfn verða að vera aðskilin og mörk þeirra skýr. Vandkvæði kunna að koma upp í smæstu sveitarfélögum. Mikilvægt er að skjöl séu afhent héraðsskjalasöfnum milli-liðalaust frá hverjum skjalamyndara. Miðlæg skjalavarsla sveitarfélags fer aðeins fram í héraðsskjalasafni. Þar má ekki samtengja skrár ólíkra skjalamyndara.